



Hundaskóli Hundaræktarfélags Íslands

Uppeldi hvolpsins

HÚSHREINN	Fylgstu vel með hvolpinum, farðu með hann út um leið og hann vaknar (líka á daginn, hvolpar þurfa mikið að sofa), þegar hann er búin að borða og eftir leik. Vertu með hvolpinum úti og hrósið honum á réttu augnabliki. Sé þetta gert markvisst tekur það ótrúlega stuttan tíma að gera hvolp húshreinan. Hvolpar hafa litla stjórn á þvagblöðru og eiga því erfitt með að halda í sér (mundu að þetta eru líkamsþarfir hvolpsins), því er nauðsynlegt að taka þetta sem markvisst verkefni og fá fram skilning.
FLAÐUR	Heilsaðu hvolpinum rólega og helst ekki við inngöngudyr (stress). Til að minnka spennu er ágætt að beygja sig niður og snúa sér undan.
NAG	Vektu athygli hvolpsins á einhverju öðru t.d. gefðu honum nagbein eða dót.
BÆLI	Hvolpurinn/hundurinn þarf að eiga sitt eigið bæli eða samastað þar sem hann getur hvílt sig óáreittur. Veldu staðsetningu bælsins m.t.t. þessa. Mundu að bæli hvolpsins/hundsins má <u>EKKI</u> vera skammmarkrókur!!
ÚTIDYRNAR-BÍLLINN	Vendu hvolpinn/hundinn á að setjast og bíða eftir leyfi til að fara út (heima og í bílnum). Kenndu honum stikkorð t.d. „Gjörðu svo vel” (kennt á hvolpanámskeiðinu).
ÓÞARFA GELT	Ekki taka á óþarfa gelti með æsingi og skömmum (eykur steitu). Leiddu huga/athygli hvolpsins/hundsins að einhverju öðru (sjá að ofan).
GLEFS Í HENDUR & FÖT	Forðastu eltinga- og æsingaleiki. Róaðu hvolpinn og beindu athygli hans að einhverju öðru (sjá að ofan). Ágætt ráð er að snúa sér undan. Munið að í huga hvolpsins er „neikvæð athygli” betri en engin!
AÐ VERA EINN HEIMA	Best er að byrja að venja hvolpinn við að vera einn heima í stuttan tíma í senn. Hægt er að notast við t.d. búr, herbergi aða afmarkað svæði (munið að hann verður að hafa aðgang að bælinu sínu). Gott er að hafa útvarpið á til að deyfa utanaðkomandi hljóð og hávaða, muna að hann þarf að hafa vatnsskál hjá sér og t.d. dót eða nagbein.
ANNAÐ	Tjóðraðu aldrei hvolpinn/hundinn úti. Veldu ekki forstofu sem íverustað hvolpsins/hundsins. Hvolpur þarf mikla athygli og umönnun á þroskaskeiðinu. Gefðu honum skilning og tíma, þá tekst vel til. Harka leiðir ekki af sér skilning heldur óöryggi. Mundu eftir góða skapinu.